

Góðand dag.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 7. febrúar 2019, þar sem f.h. Velferðarnefndar Alþingis er óskað eftir umsögn Sjúkratrygginga Íslands um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) lýsa yfir ánægju sinni með framkomna tillögu að heilbrigðisstefnu fram til ársins 2030. Að mati stofnunarinnar er hér um víðtæka stefnumótun að ræða sem tekur á flestum þeim atriðum sem hyggja þarf að við mörkun á skilvirkri og ábyrgri stefnu í heilbrigðismálum til framtíðar.

Í stefnunni er bent á nauðsyn þess að efla þverfaglega samvinnu heilbrigðisstétta til að tryggja að notendur heilbrigðisþjónustunnar eigi þess alltaf kost að fá rétta þjónustu á réttu þjónustustigi. Til þess að svo megi verða eru SÍ sammála því mati sem fram kemur, að nauðsynlegt sé að efla samvinnu og samstarf grunnstiga heilbrigðiskerfisins þ.e heilsugæslu, þjónustu sérgreinalækna og sjúkrahússþjónustu, með það að markmiði að skilgreina þátt hvers um sig og auka samvinnu. Við þá vinnu telur SÍ allt benda til að taka þurfi núverandi lög um heilbrigðisþjónustu til endurskoðunar.

Þá lýsa SÍ ánægju sinni með að til standi að stórbæta aðgengi notenda heilbrigðisþjónustunnar að upplýsingum og efla heilbrigðislæsi einstaklinga. Er þar sérstaklega minnst á gátt Embættis landlæknis, Heilsuveruna, sem dæmi að upplýsingagátt. SÍ taka heilshugar undir þessi sjónarmið og vilja benda sérstaklega á að nú þegar eru aðgengilegar á vefsvæði stofnunarinnar upplýsingar til notenda heilbrigðisþjónustu, undir Réttindagátt, þar sem m.a. eru upplýsingar um allar greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu. Þegar litið er fram á veginn telur stofnunin nauðsynlegt að allt aðgengi einstaklinga að heilsufars- og réttindaupplýsingum verði samhæft, þannig að ekki þurfi að leita þeirra á mörgum stöðum. Með tilliti til þeirra verkefna sem stofnunin sinnir nú þegar og til þeirra verkefna sem tillaga til þingsályktunarinnar gerir ráð fyrir að hún taki að sér til framtíðar, er bæði rétt og eðlilegt að stofnunin hafi forgöngu um uppbyggingu gagnagáttar fyrir einstaklinga, enda verði fjármagn tryggt til þeirrar vinnu. Til frambúðar er nauðsynlegt að verkaskipting milli stofnunarinnar annars vegar og embættis landlæknis hins vegar verði skýrari.

Í tillögunni er gert ráð fyrir stórauðnum umsvifum SÍ varðandi öflun hvers konar upplýsinga sem nauðsynlegar eru, bæði til greiningar á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og ekki síður til að leggja mat á gæði þeirrar þjónustu sem sjúkratryggðum stendur til boða. SÍ vilja hér minna á að ábendingar þessa eðlis hafa áður verið settar fram í úttektum eftirlitsaðila með stofnuninni þar sem bent hefur verið á vanbúnað hennar til að sinna þessum mikilvægu verkefnum. Bæði fyrrverandi og núverandi stjórnendur stofnunarinnar hafa brugðist við þessum ábendingum með tillögum um úrbætur. Til þess að stofnunin geti sinnt þessum verkefnum er nauðsynlegt að hlúð verði að þessum þáttum sérstaklega. Það verður ekki gert öðruvísi en með verulegri styrkingu stofnunarinnar þannig að henni verði gert kleift að sinna þessum verkefnum af þeirri kostgæfni sem sómir þjóð sem vill viðhalda einu af bestu heilbrigðiskerfum sem finnast

Með þessum athugasemdum treysta Sjúkratryggingar Íslands því að tillagan verði samþykkt einróma.

f.h. Maríu Heimisdóttur forstjóra